

Skilalýsing

Skilalýsing fyrir tilbúin sumarhús Húsasmiðjunnar

Pak

1. Icopal PVC þakdúkur á einhalla þök
- 1.a Ef tvíhalla þak, kemur bárujárn sem er flutt í einum pakka ofan á húsinu.
2. OSB TG 15mm
3. Loftunargrind 28x45mm
4. Öndunardúkur
5. Sperrur 45x220 cc=600 mm
6. Einangrun 225 mm ISOVER
7. Rakasperra PE200MK
8. Lagnagrind 45x45 mm cc=600 mm
9. 19x145 mm panill í lofti
10. Huntonit loftaplötur inn á baðherbergi 11x200x2420

Milliveggir

1. Timburgrind 45x70 mm cc=600 mm
2. 19 x 145 mm panill
3. Einangrun 75 mm ISOVER

Húsin koma standard með PVC gluggum með tvöföldu einangrunargleri 1100 Pa. Hægt að fá glugga í öðrum lit og þrefalt gler*, einnig bjóðum við timbur/ál* glugga 1100 Pa.

Húsin koma með einfaldri eldhúsinnréttingu IKEA Knoxhult með ísskáp, ofni, helluborði, viftu, vask og blöndunartækjum hægt er að uppfæra* í Bodbyn eða Method.

Baðherbergi koma með lítilli innréttingu með vask og blöndunartækjum, sturtuklefi er á baðherbergjum en hægt að uppfæra* í innbyggða sturtu með halla í gólfi, 50-80L hitakútur er inni á baðherbergjum ásamt tengingum fyrir þvottavél (á ekki við útleigueiningar).

Veggir baðherbergja eru panel klæddir en hægt að uppfæra* í vatnsheldar FIBO plötur eða flísar.

Húsin koma með rafmagnsofnum en hægt er að uppfæra* í miðstöðvarofna, loft í loft varmadælu eða gólfhitalagni.

Einnig er hægt að velja um nokkra liti af harðparketi AC5. Öll rými eru panelklædd en hægt að velja um ómeðhöndlaðan, hvíttaðan, hvítmálaðan panel eða plastlagðar spónaplötur*.

Við staðfestingu á kaupum greiðir kaupandi 30% innágreiðslu. Endanlegt verð er háð tollgengi við tollun húsanna, þ.e. ef íslenska krónan hefur styrkst gegn Evrunni um 3% mun söluverð lækka sem því nemur en hækka ef krónan veikist.

Endanlegur sölureikningur er skrifaður út á þeim degi sem húsin eru tolluð og staðfestingargreiðsla dregin frá. Sölureikningur er skrifaður út í viðskiptareikning og er eindagi 7 dögum eftir útgáfu reiknings.

Að öðru leyti gilda viðskiptaskilmálar Húsasmiðjunnar ehf. um viðskiptin, sjá www.husa.is, viðskiptaskilmálar. Bent er á ákvæði er varða viðtökudrátt o.fl. sem þar kemur fram. Kaupanda ber að kynna sér skilmálana.

Útveggir

1. Furuklæðning, bandsöguð og tvímáluð 18x121 mm
2. Loftunargrind standandi 28x45 mm
3. Lektur liggjandi 9x45 mm cc=600 mm
4. 9 mm OSB SE
5. Timburgrind 45x145 mm cc=600 mm
6. Einangrun 150 mm ISOVER
7. Rakasperra PE 200MK
8. Lagnagrind 45x45 mm.
9. Inniklæðning

Gólf

1. Harðparket á gólfum, PVC dúkur á votrýmum
2. 22 mm spónaplötur
3. Timburgrind 45x195 mm cc=400 mm
4. Einangrun 200 mm ISOVER
5. Öndunardúkur
6. OSB SE 12 mm
7. 5X5mm músanet undir öllu gólfi
8. Stálrammi/grind sem húsið situr á UPN 140 mm, grunnuð og máluð
- 9*. Hægt er að fá gólfhita lagðan í Tyrock plötur

Þar sem hið selda er flutt sjóleiðis til landsins er nauðsynlegt að kaupendur geri sér grein fyrir að loftalistar, gólf og hornlistar geta hafa losnað frá í flutningum og þarf því að yfirfara þá og festa.

Góð regla er að ganga á alla vatnslása og vatnskрана og ganga úr skugga um að allt sé þétt áður en vatni er hleypt á húsin.

Parket getur gliðnað í sundur á samskeytum þar sem hitabreytingar geta verið miklar í flutningsferli til landsins uns húsið er tengt hitagjafa héraendis. Best er að byrja upphitun mjög rólega.

Mjög mikilvægt er að húsin séu sett ofan á beinar og réttar undirstöður, ef undirstöður eru ójafnar getur stálramminn sem húsið situr á sigið og þá geta glugga-op og hurðir skekkst. Allt slíkt er á ábyrgð kaupanda.

Smíðateikningar frá framleiðanda fylgja með í kaupunum sem íslenskir hönnuðir þurfa að heimfæra fyrir byggingarfulltrúa á hverjum stað og í hvert sinn á ábyrgð kaupanda.

Húsin afhendast í einni einingu fullklár að innan og utan, fyrir utan þakjárn í tvíhalla þökum sem eftir á að koma fyrir ásamt flasingum og rennum Kaupendur sjá um undirstöður og flutning á húseiningum.

Afhendingartími húsa er 24-32 vikur og afhendast á við bryggju að Óseyrarbraut í Hafnarfirði nema að annað sé tilgreint. Kaupanda ber að taka við hinu selda strax þegar það er komið til landsins nema um annað sé sérstaklega samið*.

** Aukagjald er þar sem þetta merki er um að ræða*